

# Heilsueflandi grunnskólar

## Rammi utan um starfið



### Hverjir standa að þróunarstarfi um *Heilsueflandi grunnskóla*?

Landlæknisembættið, velferðaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið standa að þróunarstarfi um heilsueflandi grunnskóla.

Landlæknisembættið stýrir undirbúningi, framkvæmd og mati verkefnisins. Auk ofantaldra aðila eiga m.a. Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, skólaheilsugæslan og menntasvið Reykjavíkur fulltrúa í ráðgefandi faghópi *Heilsueflandi grunnskóla*.

### Hvað felur þátttaka skóla í þróunarstarfi *Heilsueflandi grunnskóla* í sér?

#### 1. Umsókn skóla

- Skóli sækir um þátttöku í þróunarstarfi *Heilsueflandi grunnskóla* með því að fylla út og senda eyðublað sem er á: [www.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli](http://www.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli)
- M.a. er gerð krafa um að tilgreindur sé tengiliður skólans við Landlæknisembættið, skipaður sé stýrihópur og að skólastjóri skrifi undir umsóknina.

#### 2. Sem staðfestingu á þátttöku afhendir Landlæknisembættið skóla eftirfarandi efni:

- Handbók *Heilsueflandi grunnskóla*
- Innrammað veggspjald *Heilsueflandi grunnskóla*
- Hnapp *Heilsueflandi grunnskóla* fyrir heimasíðu skólans, sem sýnir þátttöku skólans.
- Nafn skólans kemur fram á lista yfir þátttakandi skóla á heimasíðu *Heilsueflandi grunnskóla*. Listinn er árlega endurskoðaður í samræmi við skil á verkáætlun og framvinduskýrslu (sjá neðar).

#### 3. Skóli myndar stýrihóp og virkjar viðeigandi hagsmunaaðila

- Stýrihópurinn ber ábyrgð á framvindu verkefnisins og æskilegt er að hann endurspegli flesta þætti heilsueflandi grunnskóla, s.s. skólastjórnendur, kennara, aðra starfsmenn, nemendur, foreldra og nærsamfélagið.
- Tengiliður skólans við Landlæknisembættið á sæti í stýrihópnum.
  - Óski skólinn þess þá heimsækir ráðgjafi *Heilsueflandi grunnskóla* skólann og heldur fund með stýrihópnum ásamt skólastjóra og skólahjúkrunarfræðingi ef þessi aðilar sitja ekki í stýrihópnum.
  - Óski skólinn þess heldur ráðgjafi *Heilsueflandi grunnskóla* fræðslufund með öllum starfsmönnum skólans.
  - Að auki geta einstaka skólar eða sveitarfélög, eftir aðstæðum, óskað eftir sértækari stuðningi á sviði tóbaksvarna (*Tóbakslausir grunnskólar*), hreyfingar (handbók og námskeið), geðræktar (*Vinir Zippýs*, handbók og námskeið), næringar (handbók og námskeið) og tannverndar (námskeið). (Sjá meira um þetta efni á vefsíðu Heilsueflandi grunnskóla).
  - Auk ýmiss konar stuðningsefni, sem sækja má á heimasíðu [Heilsueflandi skóla](http://Heilsueflandi.skola), geta skólar haft samband við Landlæknisembættið með fyrirspurnir.

**4. Skólinn vinnur stöðumat og setur fram verkáætlun**

- Skólinn notar handbók *Heilsueflandi grunnskóla* til að meta stöðu sína út frá átta áhersluþáttum heilsueflandi grunnskóla og forgangsraðar í samræmi við sínar þarfir og áherslur.
- Skólinn setur fram verkáætlun samkvæmt þar til gerðu sniðmáti sem sótt er á heimasíðu *Heilsueflandi grunnskóla* (tilbúið haustið 2011).
- Í verkáætluninni á annars vegar að koma fram gróf áætlun til framtíðar og hins vegar ítarlegri áætlun fyrir komandi ár.
- Skólinn getur valið að taka fyrir einn eða fleiri áhersluþætti heilsueflandi grunnskóla á hverju ári. Skólinn setur fram markmið og ákveður leiðir að settu marki.
- Skólinn kynnir starfið fyrir nemendum, foreldrum, nærsamfélaginu og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum og heldur þeim upplýstum um framvindu þess.

**5. Skólinn vinnur samkvæmt verkáætlun á yfirstandandi skólaári**

- Stýrihópur ber ábyrgð á framvindu starfsins.

**6. Skólinn vinnur framvinduskýrslu fyrir liðið ár og endurskoðar verkáætlun fyrir komandi ár**

- Verkáætlun og framvinduskýrsla er unnin á þar til gerðu formi á vefsíðu *Heilsueflandi grunnskóla* og er samþykkt af skólastjóra og stýrihópi.
- Skólinn birtir ofangreind skjöl á heimasíðu sinni.
- Landlæknisembættið fer yfir framvinduskýrslu og verkáætlun og veitir endurgjöf.

Fyrst um sinn eru skólar skilgreindir sem þátttakendur í þróunarstarfi um *Heilsueflandi grunnskóla* og lögð megináhersla á að viðmið allra þátta *Heilsueflandi grunnskóla* öðlist virkan sess í námsskrá skólans. Skólar sem hafa náð þeim áfanga eru *Heilsueflandi grunnskólar*.